

Forsetafrú Eliza Reid og aðrir gestir, velkomin í Þelamerkurskóla

Með nokkrum orðum vil ég kynna skólann fyrir ykkur, ágætu gestir. Þó að hann í stóra samhenginu teljist til fámennra skóla er það gott fyrir sjálfsmynd hans að segja svo frá honum að hann sé stærsti vinnustaður Hörgársveitar. Hérna starfa 90 manns, 70 börn og 19 fullorðnir. Í skólanum er kennslufyrirkomulagið samkennd árganga og eru fimm námshópar starfandi í skólanum og lítum við á samkennd sem eina af fjölbreyttum leiðum skólans við að bjóða námsaðstæður við hæfi allra nemenda.

Skólinn er í alla staði vel í sveit settur og einnig ef lítið er til aðbúnaðar og stuðnings samfélagsins við starf hans og ekki síst sögunnar og þess sem fyrri kynslóðir hafa gefið okkur. Einkunnarorð skólans eru þroski, menntun og samkennd og með starfi sínu vill skólinn efla þessa þætti með nemendum. Leiðarljós skólans er að á skólagöngu sinni í Þelamerkurskóla öðlist nemendur jákvæða sjálfsmynd og verði kunnáttusamir námsmenn fyrir lífið.

Skólinn hefur valið sér ýmsar leiðir til að vinna að leiðarljósi sínu, bæði hefðbundnar og óhefðbundnar. Það eru þær óhefðbundnu sem við erum stolt af því þær reyna á sveigjanleika starfsins og sýna öðru fremur að nám og kennd er skapandi frumkvöðlastarf. Í stuttri kynningu eins og þessari er ekki hægt að segja frá öllu sem við tökum okkur fyrir hendur en ég held að sammerkt með því sem hér er gert er að við leggjum okkur fram um að nota umhverfið nær og fjær, arfleðina og nýjustu tækni og miðla til að auðga starfið. Þannig nýtist það sem við gerum hér og nú til að vernda og miðla því sem áður hefur verið gert og tengja það því sem koma skal.

Til að velja eitt verkefni af mörgum að segja ykkur frá vil ég nefna að skólinn flaggar Grænfánum og hefur gert síðan árið 2009. Það er að okkar mati verkefni sem býður upp á margar leiðir, líka óhefðbundnar, til að kenna nemendum og starfsfólki um umhverfismál í sem víðustum skilningi. Það er líka auðvelt að tengja þetta verkefni fræðslu um áhrif sjálfbærni og umhverfisvitundar, bæði á heiminn og nærsamfélagið. Sem dæmi vinnum við nú að einu verkefni í samstarfi við Landvernd um endurheimt votlendis og áhrif þess á loftslagsbreytingar. Þessu verkefni fylgir að nemendur fá tækifæri til að kynnast og fylgjast með raunverulegu verkefni í Öxnadal þar sem meiningin er að endurheimta votlendi með því að fylla í skurði sem áður gengdu allt öðru hlutverki í sveitinni. Líkur eru einnig á því að það verkefni eigi eftir að stækka með samstarfi við fleiri stofnanir og skóla, héraðs og erlendis. Grænfáninn og verkefni tengd því reikna með virkni nemenda, þannig þjálfast þeir í að taka ábyrgð á verkefnum eins og svo fátt eitt sé nefnt, flokkun, moltugerð og hænsabúskap. Með þátttöku sinni læra og finna nemendur að framlag þeirra skiptir máli, bæði í nútíð og til framtíðar, og líka nær og fjær. Þau gildi eiga vel við leiðarljós skólans.

Þelamerkurskóli er sér meðvitaður um að skólastarf byggist á öflugum samstarfi, bæði innanhúss og einnig við fólk, félagasamtök og stofnanir utan hans, öðruvísi verður starf hans ekki fjölbreytt. Nýlega varð til samstarf skólans, Sögufélags Hörgársveitar og Öldrunarheimilis Akureyrar um lokaverkefni 10. bekkinga. 10. bekkingar munu taka að sér að taka viðtöl og safna öðrum

gögnum um nokkra öldunga úr sveitinni og skrá síðan æviágrip þeirra og gefa út á bók. Þannig leggja þeir sitt af mörkum til varðveislu arfleifðar sveitarinnar.

Einn af samstarfsaðilum Þelamerkurskóla til margra ára er Tónlistarskóli Eyjafjarðar. Hörgársveit hefur um margra ára skeið boðið öllum nemendum í 1.-3. bekk gjaldfrjálsan forskóla tónlistarskólans. Nemendur forskóla Tónlistarskóla Eyjafjarðar ætla nú að koma fram og syngja fyrir ykkur og spila. María Gunnarsdóttir tónmenntakennari þeirra er með þeim og mun kynna atriði þeirra fyrir ykkur. María og krakkar, gjörið svo vel.

Takk fyrir þetta krakkar og María.

Eins og áður sagði á Hörgársveit auðuga arfleifð og eru skáldin þar engin undantekning. Um þessar mundir æfa 7. bekkingar landsins sig fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Sjöundu bekkingar skólans flytja nú fyrir ykkur ljóð eftir þrjú af skáldum sveitarinnar, Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og Jónas Hallgrímsson frá Hrauni í Öxnadal. Börnin kynna sig sjálf og ljóðin sem þau lesa.

Takk fyrir þetta krakkar. Til að ljúka samkomunni gef ég Axel Grettissyni oddvita orðið.